

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef landshöfðingja til ritstjóra síra Matthíasar Jochumssonar um styrk til* **1**
að prenta skáldskaparrit. — Út af beiðni yðar um styrk úr landssjóði til **13. jan.**
að gefa út á prent þýðingu eptir yður á sorgarleik Shakespeares, «Hamlet», eru yður hjer
með veittar 200 kr. af tje því, sem í 15. gr. fjárhagslaganna er ætlað vísindalegum og
verklegum fyrirtækjum, og verður yður ávísad fjárstyrk þessum úr jarðabókarsjóðnum, þeg-
ar búið er að prenta umgetna þýðingu.

— *Brjef landshöfðingja til landfógeta um embættisjörð læknis.* — Með því að **2**
embættisábyli læknisins í hinu fyrverandi eystra læknisdæmi suðuramtsins, jörðin Þjóðólfs- **13. jan.**
hagi í Holtamannahreppi innan Rangárvallasýslu, samkvæmt lögum um aðra skipun á
læknahjenuðum á Íslandi frá 15. okt. 1875 3. gr., lagðist til landssjóðsins 1. okt. f. á.,
hefi jeg í dag falið umboð jarðar þessarar fyrst um sinn sýslumanninum í Rangárvalla-
sýslu, sem á að gjöra árlegan reikning fyrir afgjaldinu af henni, í fyrsta sinn fyrir árið
1877, og borga það inn í jarðabókarsjóð, að frá dregnum sjöttungi í umboðslaun.

Þetta er herra landfógetanum tjáð til þókanlegrar leiðbeiningar.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um yfirsjónir skólapilta* **3**
við próf. — Út af því að svo hafði til borið við burtfararprófið í hinum lærða skóla **16. jan.**
í júnímánuði í fyrra, að stöku skólapiltar höfðu notað hjálp annara til að leysa af hendi
hin skriflegu verkefni, hefir yfirstjórn skólans í brjefi 21. júlí f. á. brýnt fyrir rektor
og hinum kennurunum, að hafa strangt eptirlit með piltunum við hið skriflega próf, og
í annan stað skipað fyrir sem hjer segir:

«En ef það verður uppvíst, að einhver piltur nýtur aðstoðar hjá öðrum við úrlausn
einhvers verkefnis, þá á hann, og eins sá, sem aðstoðina veitir, ef hann er skólapiltur,
að vera rækur frá prófinu og úr skólanum, ef hlutadeigandi hefir framið yfirsjónina í
fyrrri eða síðari hluta burtfararprófsins», en ef það er í miðsvetrarprófi eða vorprófi, sem
ekki er burtfararpróf, þá á það að varða því, að pilturinn missi þann ölmusustyrk, sem
hann kann að hafa; og, ef svo stendur á, sje settur aptur í bekknum».

Eptir að rektor hefir lagt þessa ákvörðun, sem honum virðist of hörð refsing fyrir
umgetið brot, undir úrskurð minn, og eptir að jeg hefi meðtekið ummæli stiptyfirvald-
anna um þetta í brjefi dags. 4. þ. m., staðfestist hjer með úrskurður stiptyfirvaldanna,
þó með þessum tilhliðrunum:

1. Þótt burtrekstur frá prófinu (fyrra eða síðara hluta burtfararprófs) eigi að vera
almenn refsing fyrir brot það, er hjer ræðir um, geta yfirstjórnendur skólans jafnframt
ákveðið útrekstur úr skóla, þegar þess þykir þörf eptir atvikum, en rektor á í hvert eitt
skipti, sem slíkt brot er framið, að senda þeim tillögur sínar um það.

2. Þegar brotið er í því fölgíð, að óleyfileg hjálp er í tje látn, getur yfirstjórn
skólans leyft það sem undantekning, þegar hlutadeigandi skólapiltur sökum sjerlegrar iðni

Hinn 14. marz 1877.